

**Ed.**

### **73. Nefndarállt**

um frumvarp til laga um æfinlega erfingjarentu.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og dylst henni ekki, að það hefir inni að halda mjög markvert nýmæli, sem komið getur að verulegum notum í framtíðinni.

Væntum vjer að háttvirt deild verði oss sammála um, að frumvarpið, ef það verður að lögum, tryggir til muna hag efnalítilla manna, sem verðlaun hljóta, og afkomenda þeirra.

En vinnuhjúin, sem njóta eiga góðs af þessu, telur nefndin meðal hinna þörfustu stjetta þjóðfélagsins, sem fyrir löngu hefir gert sig maklega opinberrar viðurkenningar og upphvatningar, þótt meiri væri en hjer er gert ráð fyrir.

Fjárhæð sú, sem ríkissjóði er ætlað að leggja fram í þessu skyni, er svo lítil og föstu takmarki bundin, ef breytingartillögur nefndarinnar verða samþyktar, að ekkert virðist varhugavert við málið, skoðað frá þeirri hlið.

Að öðru leyti visast til ástæðna flutningsmanns fyrir frumvarpinu.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

#### **BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr.
  - a. Á eftir »1911« bætist inn í:  
þó ekki yfir 20000 kr.
  - b. Síðari málsgr. »Það . . . . næsta árs« falli burtu.
2. Við 3. gr.
  - a. Á eftir »minst 5 ár« bætist inn í:  
og eigi á fleiri en 2 heimilum.
  - b. Fyrir »16« komi:  
20.
  - c. Orðið »þessara« falli burtu.
  - d. Aftan við fyrri málslið bætist:  
ef fleiri hafa gifst á árinu en verðlaun geta hlotið.
3. Við 4. gr.
  - a. Í stað orðanna: »minst 5 ár eftir 16 ára aldura«, komi:  
samkvæmt 3. gr.
  - b. Fyrir »hlutkestið um erfingjarentuna samkvæmt 3. gr.« komi:  
úthlutun erfingjarentunnar.
  - c. Fyrir »gögn þessi« komi:  
gögn þau.



